

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Guðný Óskarsdóttir

Kt. 2903595469  
Dags. 27.3.2024 15:58:52  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Haukur Jónsson

Kt. 3101675689  
Dags. 27.3.2024 16:36:21  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Örn Friðriksson

Kt. 1201594379  
Dags. 27.3.2024 16:07:12  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Þorvarður Gunnarsson

Kt. 1405542279  
Dags. 27.3.2024 18:26:08  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Arnar G Hjaltalín

Kt. 2809633999  
Dags. 27.3.2024 16:07:44  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Jóhann Óskar Haraldsson

Kt. 2111753039  
Dags. 27.3.2024 21:31:31  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Andrea Elín Atladóttir

Kt. 0309694139  
Dags. 27.3.2024 16:34:50  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Vala Pálsdóttir

Kt. 0507753999  
Dags. 28.3.2024 12:02:49  
Ástæða: Undirritun

# Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

## Ársreikningur 2023

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja  
Skólavegi 2  
900 Vestmannaeyjar  
Kt. 580572-0229

# Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

## Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	8
Efnahagsreikningur	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	11
Skýringar	12
Kennitölur	26
Deildarskipt ársyfirlit	28
Viðauki I - Stjórnarháttaryfirlýsing	31
Viðauki II - Ófjárhagslegar upplýsingar	33
English summary	35

# Skýrsla stjórnar

## Hlutverk lífeyrissjóðsins

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu í samræmi við 52. gr. þeirra laga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðsfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins.

## Starfsemi sjóðsins

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja starfar í þremur deildum, samtryggingadeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Ávöxtun eigna deildanna er að fullu aðskilin en eignasöfn séreignadeildar er í vörslu samtryggingadeildar. Séreignadeildin hefur tvær ávöxtunarleiðir, Safn I og Safn II auk þess að taka við tilgreindri séreign.

## Sjóðfélagar og iðgjöld

Á árinu 2023 greiddu 2.195 sjóðfélagar iðgjöld til sameignadeildar sjóðsins. Iðgjöld ársins námu 2.451,4 millj.kr. sem er hækkun um 10,5% milli ára. Fjöldi virkra sjóðfélaga sem að jafnaði greiða til sjóðsins með reglubundnum hætti í hverjum mánuði voru 1.725. Heildarfjöldi sjóðfélaga í árslok er 15.224. Iðgjöld séreignadeilda voru 96,8 millj.kr. Meðalfjöldi greiðenda í séreign er 261 og heildarfjöldi rétthafa 2.392.

## Lífeyrisgreiðslur

Heildar lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 3.184 millj.kr. sem er hækkun um 25,2% milli ára eða 641 millj.kr. en sjóðurinn jók réttindi sjóðfélaga í ársbyrjun og hækkuðu lífeyrisgreiðslur um 10,3%. Ellilífeyrir nam 2.333 millj.kr., örorkulífeyrir 650 millj.kr., makalífeyrir 177 millj.kr. og barnalífeyrir 8,4 millj.kr. Þá námu lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild 17,2 millj.kr. sem er lækkun upp á 71,6%. Lífeyrisþegar í árslok voru 2.309

## Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2023 var 149,5 millj.kr. sem er hækkun um 5,2% frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,17%. Stöðugildi á árinu voru 3,6 og námu launagreiðslur 71,5 millj.kr. að meðtöldum launum stjórnar og endurskoðunarnefndar.

## Ávöxtun og eignir

Hrein eign samtryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 89.284 millj.kr. í árslok og sem er hækkun um 7,4% frá fyrra ári. Hrein eign séreignardeilda nam 1.059,7 millj.kr. sem er hækkun um 18,0% frá fyrra ári. Raunávöxtun séreignardeildar var jákvæð um 0,7%, Safn I 0,6% og Safn II 0,8%. Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar er jákvæð um 0,2% á árinu.

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið gerð á stöðu sjóðsins í árslok 2023. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 6.522 millj.kr. eða 5,2% af heildarskuldbindingum en í árslok 2022 var staðan neikvæð um 5.008 millj.kr. eða 4,3%. Áfallin staða er neikvæð um 5.783 millj.kr. en hún var neikvæð um 3.948 millj.kr. í árslok 2022.

Réttindi sjóðfélaga voru aukin á árinu og áunnin réttindi jöfnuð háð aldri.

Eins og á síðasta ári eru notaðar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga sem gera ráð fyrir því að dánartíðni fari lækkandi í framtíðinni. Grunnur spárinnar eru sérhæfðar dánar- og eftirlifendatöflur m.v. reynslu sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem byggir á frávikum frá staðalforsendum á tímabilinu 2009 – 2022. Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru áfram metin á því sem lægra er, af árslokaverði eða meðalverði í lok síðustu fjögurra mánaða. Tryggingafræðileg staða sjóðsins væri neikvæð um 3,6% ef þessi verðbréf væru ekki endurmetin en þessi niðurfærsla er valkvæð.

## Áhættustefna, áhættuskýrslur og rekstraráhættumat

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu og mótaðilaáhættu. Áhættuskýrslur eru gerðar og lagðar fyrir stjórn á þriggja mánaða fresti. Markmið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættur sjóðsins og hafi þannig betri möguleika á að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Jafnframt hefur áhættustjóri umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Í rekstraráhættumatinu er meðal annars litið til starfsmannaáhættu, sviksemisáhættu, orðsporsáhættu, upplýsingatækniáhættu og áhættu tengda verkferlum.

# Skýrsla stjórnar

---

## Þróun og framtíðarhorfur

Á komandi árum mun lífeyrissjóðurinn hafa áfram að markmiði að ávaxta eignir innan ramma laga og fjárfestingarstefnu sjóðsins í þeim tilgangi að standa undir lífeyrisskuldbindingum og hámarka réttindi sjóðfélaga.

## Ófjárhagslegar upplýsingar

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sjóðurinn ófjárhagslegar upplýsingar. Upplýsingarnar eru settar fram í viðauka og teljast hluti skýrslu stjórnar.

## Skuldabréf ÍL-sjóðs

Enn þá er mikil óvissa um stöðu ÍL-sjóðs og hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp að lögum um slit sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn hefur í samstarfi við aðra lífeyrissjóði fengið vel rökstudd lögfræðilít frá LOGOS og einnig frá Róberti Spanó fyrrverandi forseta Mannréttindadómstóls Evrópu. Bæði þessi álit eru sammála um að slit sjóðsins eins og frumvarpið mælir fyrir um séu byggð á veikum rökum og standist ekki eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Lífeyrissjóðir hafa staðið fast við þá ákvörðun að hafna öllum hugmyndum um uppgjör skulda sjóðsins nema fullt verð komi fyrir.

Í skýringu nr. 10 kemur fram að markaðsvirði skuldabréfa ÍL-sjóðs er um 1,1 milljarði lægra en ætla mætti að það hefði verið við óbreyttar aðstæður. Raunverulegt tap sjóðsins gæti þó orðið meira því erfitt yrði að kaupa sambærileg skuldabréf nema á enn hærra verði.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá áramótum fram til undirritunar þessar ársreiknings hafa hafa ekki orðið atburðir sem líklegir eru til að hafa mikil eða óvænt áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

## Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Það er álit stjórnar að allar upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikninginn með undirritun sinni.

## Vestmannaeyjar, 27. mars 2024

*Ársreikningur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.*

## Í stjórn

Arnar Hjaltalín, formaður stjórnar

Þorvarður Gunnarsson, varaformaður

Andrea Elín Atladóttir

Guðný Óskarsdóttir

Vala Pálsdóttir

Örn Friðriksson

## Framkvæmdastjóri

Haukur Jónsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Það er álit okkar að áritun okkar á ársreikningi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja sé í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Lífeyrissjóði Vestmannaeyja í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Lífeyrissjóði Vestmannaeyja óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hlíðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðum megináherslur
<b>Óskráð verðbréf</b>	
Vísað er í skýringu nr. 2 á bls. 12 um reikningsskilaaðferðir, skýringu nr. 9 á bls. 18 fyrir eignarhluti í félögum og sjóðum og skýringu nr. 10 um skuldabréf á bls. 21.	Við endurskoðun á óskráðum verðbréfum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá sjóðnum við skráningu og mat verðbréfa. Við prófuðum viðeigandi eftirlitsþætti í fjárfestingaferli sjóðsins.
Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru 53,1 milljarður kr. í árslok 2023 eða 59,5% af heildareignum sjóðsins, af því eru 14 milljarðar kr. óskráð. Skuldabréf eru 35,5 milljarðar kr. í árslok 2023 eða 39,8% af heildareignum sjóðsins.	Við lögðum mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem stjórnendur leggja til grundvallar á virðismati óskráðra verðbréfa og hvort aðferðin breyttist milli ára. Upplýsingarnar voru raktar til undirliggjandi gagna og útreikningar voru yfirfarnir.
Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðar á gangvirði og er notast við ákveðna þrepaskiptingu gangvirðis við verðmat á þeim eignum. Verðmat á stigi 1 byggir á skráðu verði á virkum markaði, stig 2 byggir á verðlagningu á markaði fyrir samskonar eða sambærilegar eignir, beint eða óbeint, og stig 3 byggir á öðrum upplýsingum en markaðsupplýsingum, þ.e. almennt viðurkenndum matsaðferðum við virði óskráðra eigna og byggir á mati stjórnenda. Skuldabréf eru færð annað hvort á gangvirði eða á afskrifuðu kostnaðarverði. Við mat á gangvirði skuldabréfa er notast við sömu þrepaskiptingu og í eignarhlutum í félögum og sjóðum. Afskrifað kostnaðarverð miðar við ávöxtunarkröfu við kaup.	Með úrtaksprófunum höfum við staðfest tilvist óskráðra bréfa og eignarhald sjóðsins á verðbréfunum. Einnig höfum við yfirfarið mat stjórnenda og þær forsendur sem notaðar eru við mat á óskráðum verðbréfum.
Þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið teljum við tilvist og virði óskráðra verðbréfa vera megináherslu við endurskoðun okkar.	Við höfum farið yfir mat stjórnenda á niðurfærsluþörf óskráðra bréfa, þeim forsendum sem lágu til grundvallar og hvort niðurfærslan væri nægjanleg og viðeigandi.
	Við höfum farið yfir hvort skýringar verðbréfa séu í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Tryggingafræðileg staða	
Vísað er í yfirlit um tryggingafræðilega stöðu á bls. 11 og skýringu nr. 14 á bls. 23 um yfirlit um tryggingafræðilega stöðu.	Við endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá sjóðnum við yfirferð og mat á tryggingafræðilegri stöðu.
Tryggingafræðileg staða í árslok er neikvæð um 5,2% og eru heildarskuldbindingar sjóðsins 6,5 milljörðum kr. hærri en eignir á móti skuldbindingum í árslok.	Við höfum farið yfir faglega hæfni og fengið staðfestingu á óhæði tryggingastærðfræðingsins sem framkvæmdi útreikninginn á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.
Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins felst í að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingarstærðfræðingi og byggir að stórum hluta á matskenndum forsendum.	Við lögðum mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem liggja til grundvallar á útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu og hvort aðferðin breyttist milli ára. Upplýsingarnar voru raktar til undirliggjandi gagna og greiningaraðgerðir gerðar á stöðu sjóðsins milli ára.
Þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið teljum við tryggingafræðilega stöðu vera megináherslu við endurskoðun okkar.	Við höfum farið yfir hvort yfirlit og skýringar um tryggingafræðilega stöðu séu í samræmi við útreikning sjóðsins, lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

## Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með ársreikningnum.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið

# Áritun óháðs endurskoðanda

vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun.

Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og, þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar. Deloitte ehf. hefur ekki veitt Lífeyrissjóði Vestmannaeyja neina þjónustu til viðbótar lögbundnu endurskoðuninni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte ehf. var kjörið endurskoðandi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja á aðalfundi sjóðsins þann 10. maí 2023. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðandi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja síðan sjóðurinn var skilgreindur sem eining tengd almannahagsmunum árið 2008 og hefur kjör okkar verið endurnýjað árlega á ársfundi lífeyrissjóðsins síðan þá.

**Kópavogur, 27. mars 2024**

**Deloitte ehf.**

***Ársreikningur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 2022 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.***

Jóhann Óskar Haraldsson  
endurskoðandi



# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		708.636	655.482
Iðgjöld launagreiðenda .....		1.797.916	1.616.870
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(77.841)	(43.163)
		<u>2.428.711</u>	<u>2.229.189</u>
Sérstök aukaframlög .....		119.494	109.947
		<u>2.548.204</u>	<u>2.339.136</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Heildarfjárhæð lífeyris .....	4	(3.184.220)	(2.543.356)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....		(17.679)	(13.485)
Vaxtatekjur vegna lífeyris .....		(327)	(1.388)
Eftirlaun frá Tryggingastofnun .....		232	213
		<u>(3.201.994)</u>	<u>(2.558.016)</u>
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>			
Hreinar tekjur(gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	5	3.615.623	(4.530.749)
Hreinar tekjur(gjöld) af skuldabréfum .....	6	3.297.695	1.942.883
Hreinar tekjur(gjöld) af afleiðusamningum .....		80.762	(37.449)
Vaxtatekjur(gjöld) og gengismunur af handbæru fé .....		(8.731)	(2.330)
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		356	3.567
Fjárfestingargjöld .....	7	(44.667)	(19.374)
		<u>6.941.037</u>	<u>(2.643.452)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	149.456	142.052
		<u>149.456</u>	<u>142.052</u>
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>		6.137.791	(3.004.383)
Hrein eign frá fyrra ári .....		83.146.389	86.150.772
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>		<u>89.284.180</u>	<u>83.146.389</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Fjárfestingar</b>			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	9	53.112.422	51.072.984
Skuldabréf .....	10	35.517.982	31.327.107
Afleiðusamningar .....	11	68.615	(12.147)
		<u>88.699.019</u>	<u>82.387.944</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		227.673	218.394
Aðrar kröfur .....		119.503	0
		<u>347.177</u>	<u>218.394</u>
<b>Ýmsar eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	24.292	25.253
		<u>24.292</u>	<u>25.253</u>
<b>Handbært fé .....</b>		<u>227.400</u>	<u>522.862</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>89.297.888</u>	<u>83.154.453</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur .....		13.703	8.060
Aðrar skuldir .....		4	4
		<u>13.707</u>	<u>8.064</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>13.707</u>	<u>8.064</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>		<u>89.284.180</u>	<u>83.146.389</u>
<b>Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>			
Samtryggingardeild .....		88.224.454	82.248.580
Séreignadeild .....		1.059.726	897.809
<b>Skuldbindingar utan efnahags</b>	15	3.511.000	4.296.000

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	2023	2022
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	2.419.431	2.198.372
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....	(8.375)	1.237
Aðrar inngreiðslur .....	(10)	109.947
	<u>2.411.046</u>	<u>2.309.557</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	(3.201.994)	(2.558.016)
Rekstrarkostnaður .....	(147.869)	(140.464)
Aðrar útgreiðslur .....	(39.024)	(16.608)
	<u>(3.388.887)</u>	<u>(2.715.089)</u>
<b>Ráðstöfunarfé til fjárfestinga, neikvætt .....</b>	<b>(977.841)</b>	<b>(405.532)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	677.785	1.006.251
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	(11.210.940)	(4.260.716)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	12.125.774	2.982.758
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....	2.361.282	2.701.505
Keypt skuldabréf .....	(3.682.573)	(3.430.418)
Seld skuldabréf .....	411.051	1.543.330
	<u>682.379</u>	<u>542.710</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	<b>(295.462)</b>	<b>137.178</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>	<b>522.862</b>	<b>385.684</b>
	<u>227.400</u>	<u>522.862</u>

# Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2023

## Tryggingafræðileg staða 2023

Eignir	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....		88.224.454		88.224.454
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....		251.425		251.425
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.....		(2.207.370)		(2.207.370)
Núvirði framtíðariðgjalda.....			32.661.199	32.661.199
Eignir samtals.....		<u>86.268.509</u>	<u>32.661.199</u>	<u>118.929.708</u>
<b>Skuldbindingar</b>				
Ellilífeyrir.....		75.057.403	25.316.075	100.373.478
Örorkulífeyrir.....		9.893.550	5.092.841	14.986.391
Makalífeyrir.....		5.058.415	1.103.084	6.161.499
Barnalífeyrir.....		39.771	450.604	490.375
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar.....		2.002.787	1.437.301	3.440.088
Skuldbindingar samtals.....	14.	<u>92.051.926</u>	<u>33.399.905</u>	<u>125.451.830</u>
<b>Skuldbindingar umfram eignir.....</b>		<b>(5.783.417)</b>	<b>(738.706)</b>	<b>(6.522.123)</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....</b>		<b>-6,3%</b>	<b>-2,2%</b>	<b>-5,2%</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....</b>		<b>-4,6%</b>	<b>-3,4%</b>	<b>-4,3%</b>

## Tryggingafræðileg staða 2022

Eignir	Skýr.	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....		82.248.580		82.248.580
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....		(144.683)		(144.683)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.....		(778.392)		(778.392)
Núvirði framtíðariðgjalda.....			29.829.106	29.829.106
Eignir samtals.....		<u>81.325.505</u>	<u>29.829.106</u>	<u>111.154.611</u>
<b>Skuldbindingar</b>				
Ellilífeyrir.....		69.275.140	23.587.412	92.862.552
Örorkulífeyrir.....		9.539.275	4.645.742	14.185.018
Makalífeyrir.....		4.604.093	965.033	5.569.126
Barnalífeyrir.....		43.742	401.280	445.021
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar.....		1.811.399	1.289.791	3.101.190
Skuldbindingar samtals.....	14.	<u>85.273.649</u>	<u>30.889.258</u>	<u>116.162.907</u>
<b>Skuldbindingar umfram eignir.....</b>		<b>(3.948.144)</b>	<b>(1.060.152)</b>	<b>(5.008.296)</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....</b>		<b>-4,6%</b>	<b>-3,4%</b>	<b>-4,3%</b>

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingardeildar, en að auki rekur hann séreignadeild. Lífeyrissjóðurinn er með aðsetur að Skólavegi 2 í Vestmannaeyjum. Af hálfu launamanna eiga sjó stéttarfélög aðild að sjóðnum. Þau eru Deild VR í Vestmannaeyjum, Drifandi stéttarfélag, FIT, Félag iðn- og tæknigreina vegna félagsmanna í Vestmannaeyjum, Sjómannafélagið Jötunn, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Verkstjórafélag Vestmanneyja, VM, Félag vélastjóra og málmteknimanna vegna félagsmanna í Vestmanneyjum. Að hálfu atvinnurekenda eiga Samtök atvinnulífsins aðild að Lífeyrissjóði Vestmannaeyja.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2023	2022	31.12.2023	31.12.2022
Evra (EUR) .....	149,14	142,33	150,50	151,50
Bandaríkjadalur (USD) .....	137,98	135,46	136,20	142,04
Sterlingspund (GBP) .....	171,46	166,90	173,18	170,81
Norsk króna (NOK) .....	13,072	14,091	13,389	14,410
Kanadadalur (CAD) .....	102,21	103,95	102,79	104,92

### Fjárhæðir

Fjárhæðir í reikningnum eru sýndar í þúsundum króna.

### Áhættustjórnun

Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhættan er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað.

Gerðir hafa verið gjaldmiðlaskiptasamningar til að verja erlenda stöðu sjóðsins.

### Gangvirðismat

Þessi skýring veitir upplýsingar um hvernig sjóðurinn ákvarðar gangvirði hinna ýmsu fjáreigna sinna.

#### Gangvirði fjáreigna sem reglulega eru metin til gangvirðis

Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** gangvirðismatið byggir á uppgöngu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

**Stig 2:** gangvirðismatið byggir ekki á uppgöngu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).

**Stig 3:** gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Aðallega úr ársreikningum félaga.

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar sjóðfélagi hefur áunnið sér réttindi hjá sjóðnum. Jafnframt er áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í árslok í samtryggingardeild og er sú áætlun byggð á skilum á iðgjöldum á undanförunum árum. Ógreidd iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði á milli lífeyrissjóða.

### Hreinar fjárfestingatekjur

Undir þennan lið eru allar fjárfestingatekjur sjóðsins að fráðregnum öllum fjárfestingagjöldum.

### Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir þennan lið skal færa tekjur af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga.

### Hreinar tekjur af skuldabréfum

Undir þennan lið falla allar fjárfestingatekjur sjóðsins að fráðregnum öllum fjárfestingagjöldum.

### Hreinar tekjur af afleiðusamningum

Undir þennan lið skal færa tekjur af fjárfestingum í afleiðusamningum, að fráðregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga.

### Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé

Undir þennan lið skal færa vaxtatekjur af sjóði og óbundnum innstæðum hjá bönkum og sparisjóðum, að fráðregnum vaxtagjöldum. Gengismunur af þessum eignum færist einnig á þennan lið.

### Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum

Undir þennan lið skal færa vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum, að fráðregnum vaxtagjöldum.

### Fjárfestingagjöld

Undir þennan lið falla öll fjárfestingargjöld og allar þóknarir fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins að fráðregnum endurgreiðslum, einnig öll fjárfestingagjöld sem ekki falla undir aðra liði.

### Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur almennur rekstrarkostnaður sjóðsins. Kostaður er færður til gjalda þegar hann fellur til.

### Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptist í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og afleiður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

#### Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf og eru þau metin á gangvirði.

#### Skuldabréf

Skuldabréf eru framseljanleg skuldabréf og önnur skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum aðilum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Þessi flokkur fjárfestinga er færður bæði á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði.

#### Afleiður

Afleiður eru fjármálagerningar sem hafa það sameiginlegt að virði þeirra byggir á eða er afleiða af verði annarrar eignar. Afleiður eru metnar á gangvirði.

#### Kröfur

Kröfur eru metnar með hliðsjón af virðisrýrnun og færðar í ársreikninginn að fráðreginni virðisrýrnun sem til kæmi af slíku mati.

**Reikningsskilaaðferðir (framhald)**

**Varanlegir rekstrarfjámunir**

Varanlegir rekstrarfjámunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir er reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði.

**Handbært fé**

Handbært fé er fært á gangvirði í efnahagsreikning. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

**Sérstök aukaframlög**

	2023	2022
Framlag frá ríkinu til jöfnunar á örorkubyrgði lífeyrissjóða .....	119.494	109.947
	<u>119.494</u>	<u>109.947</u>

**4. Heildarfjárhæð lífeyris**

	2023	2022
Ellilífeyrir .....	2.332.951	1.786.940
Örorkulífeyrir .....	650.001	554.795
Makalífeyrir .....	175.594	131.689
Barnalífeyrir .....	8.429	9.229
	<u>3.166.974</u>	<u>2.482.653</u>
Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild I .....	10.337	54.809
Lífeyrisgreiðslur úr tilgreindri séreign I .....	3.006	2.874
Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild II .....	3.903	3.021
	<u>3.184.220</u>	<u>2.543.356</u>

**5. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum**

**5.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:**

	Bókfært verð 31.12.2023	Arður	Gangvirðis- breytingar	Hreinar tekjur samtals 2023	Hreinar tekjur samtals 2022
Vinnslustöðin hf. ....	2.697.290	24.557	941.766	966.323	157.752
Kerecis hf. ....	66.738	0	650.531	650.531	18.726
Hampiðjan hf. ....	1.829.190	17.379	263.597	280.976	40.515
Ölgerðin hf. ....	490.947	0	150.330	150.330	(4.801)
Arion banki hf. ....	1.827.599	106.239	36.835	143.074	(378.816)
Umbreyting slhf. ....	331.151	0	105.936	105.936	97.599
Marel hf. ....	2.235.324	10.490	(30.893)	(20.403)	(1.654.734)
Kvika banki hf. ....	791.448	18.247	(75.267)	(57.021)	(348.310)
Eyri Invest hf. ....	210.685	0	(61.473)	(61.473)	(399.128)
Controlant hf. ....	795.500	0	(68.750)	(68.750)	(25.000)
Sildarvinnslan hf. ....	450.159	17.367	(156.184)	(138.817)	223.819
TFII slhf. ....	255.054	0	(160.982)	(160.982)	9.000
Aðrar eignir .....	8.664.301	177.815	(273.535)	(95.720)	65.793
	<u>20.645.385</u>	<u>372.093</u>	<u>1.321.911</u>	<u>1.694.005</u>	<u>(2.197.584)</u>

5. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum (framhald)

5.2 Hreinar tekjur af eignarhlutum í erlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2023	Áhrif gjaldmiðils	Gangvirðis- breytingar	Hreinar tekjur samtals 2023	Hreinar tekjur samtals 2022
BGF Global Dynamic Eq Fund I2 EU.....	6.570.624	(219.192)	944.107	724.915	(839.006)
Janus Henderson Cont. Europe .....	1.655.122	(10.840)	292.206	281.367	(140.466)
Alliance Global Growth Tr. ....	2.525.911	(108.051)	336.777	228.726	(626.248)
Amaroq Minerals Ltd. ....	612.000	0	196.950	196.950	0
Crown Europe Small Buyouts IV.....	664.376	(10.067)	153.948	143.881	185.993
Katla Fund .....	679.680	(4.497)	142.339	137.842	(83.918)
Alliance Global Value Portfolio .....	1.211.288	(51.938)	185.092	133.155	(109.531)
Sparinvest Global Value Fund .....	1.505.076	(10.001)	121.972	111.971	11.368
Vanguard Global Stock Index .....	696.200	(4.438)	114.387	109.949	(69.122)
Skagen Global Fund .....	881.083	(5.854)	108.091	102.237	(154.733)
Skagen Kon-Tiki Fund .....	1.012.138	(4.283)	93.740	89.458	(171.570)
Skagen M2 VPFO .....	1.000.543	(76.304)	161.638	85.333	(249.212)
Alpinvest Co-Inv.Fund VII.....	897.478	(39.506)	75.030	35.524	41.927
Alvotech holding SA .....	1.652.340	0	24.461	24.461	115.139
HarbourVest Partners Co-Investme .....	537.424	(24.315)	25.316	1.001	(155.111)
Alpinvest ASF VI .....	407.066	(18.559)	17.766	(793)	92.820
BGF Emerging Europe .....	365.391	(2.428)	0	(2.428)	(505.660)
BlackRock Priv.Opp.Fund III .....	486.889	(23.050)	8.664	(14.386)	(98.278)
Adveq Management AG .....	399.616	(2.849)	(41.934)	(44.783)	139.267
NWF Group PLC .....	917.995	13.412	(84.236)	(70.824)	164.872
Artic Fish AS .....	208.383	(15.891)	(126.087)	(141.978)	28.128
Warburg Pincus Priv.Eq.XII.....	1.121.773	(52.751)	(168.310)	(221.061)	333.535
Aðrar eignir .....	6.458.642	(190.172)	201.275	11.102	(243.360)
	<u>32.467.037</u>	<u>(861.573)</u>	<u>2.783.191</u>	<u>1.921.618</u>	<u>(2.333.165)</u>
Samtals hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum.....				<u>3.615.623</u>	<u>(4.530.749)</u>

6. Hreinar tekjur af skuldabréfum

6.1 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breytingar á niðurfærslu	Samtals 2023	Samtals 2022
<b>Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga</b>					
Ríkisvixlar og -skuldabréf .....	1.115.340	0	0	1.115.340	1.151.713
Skuldabréf sveitarfélaga .....	307.796	0	0	307.796	313.828
Fasteignaveðtryggð skuldabréf .....	300.077	(11.537)	0	288.540	339.330
Önnur verðbréf .....	542.264	(8.243)	(4.473)	529.547	651.748
	<u>2.265.478</u>	<u>(19.781)</u>	<u>(4.473)</u>	<u>2.241.224</u>	<u>2.456.618</u>
<b>Skuldabréf færð á gangvirði</b>					
	Gang- virðisbreytingar	Áhrif gjaldmiðils	Breytingar á niðurfærslu	Samtals 2023	Samtals 2022
Ríkisvixlar og -skuldabréf .....	470.261	0	0	470.261	(500.676)
Skuldabréf sveitarfélaga .....	235.439	0	0	235.439	(163.823)
Sértryggð skuldabréf .....	18.851	0	0	18.851	(7.106)
Önnur verðbréf .....	331.921	0	0	331.921	157.870
	<u>1.056.471</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.056.471</u>	<u>(513.735)</u>
	<u>3.321.949</u>	<u>(19.781)</u>	<u>(4.473)</u>	<u>3.297.695</u>	<u>1.942.883</u>

7. Fjárfestingargjöld

Samtryggingardeild	Fjárfestingagjöld		Samtals 2023	Meðalstaða 2023	Hlutfall 2023
	Bein	Áætluð			
Vegna annarra innlendra sjóða .....	2.775	47.229	50.004	2.493.823	2,0%
Vegna erlendra verðbréfasjóða .....	0	229.569	229.569	17.789.995	1,3%
Vegna annarra erlendra sjóða .....	1.807	173.416	175.223	8.486.744	2,1%
Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta .....	10.420	0	10.420	-	-
Umsýslubóknanir vegna útvistunar eignastýringar .....	29.665	0	29.665	-	-
	<b>44.667</b>	<b>450.214</b>	<b>494.881</b>	<b>28.770.561</b>	<b>1,7%</b>
<b>Séreignadeild - Safn 1</b>					
Vegna innlendra sjóða .....	0	741	741	96.873	0,8%
Vegna erlendra sjóða .....	0	836	836	84.238	1,0%
	<b>0</b>	<b>1.577</b>	<b>1.577</b>	<b>181.110</b>	<b>0,9%</b>
<b>Séreignadeild - Safn 2</b>					
